

**STOFNSKRÁ**  
**FYRIR**  
**GJAFÁ- OG MINNINGARSJÓÐ SKJÓLGARÐS**

Sveitarfélagið Hornafjörður, kt. 590169-4639, Hafnarbraut 27, 780 Höfn í Hornafirði (stofnandi), gerir um stofnun styrktarsjóðs, sem starfa mun á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svofellda stofnskrá:

**1. gr.**

Nafn sjóðsins er Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs. Heimili og varnarþing sjóðsins er að Hafnarbraut 27, 780 Höfn í Hornafirði.

**2. gr.**

Markmið sjóðsins er:

- Að taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir stofnanir sem sinna heilbrigðis- og öldrunarmálum í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- Að stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 6.379.231, sem er framlag stofnanda.

**4. gr.**

Sjóðurinn greiðir ekki annan stofnkostnað en lögboðin gjöld við staðfestingu og birtingu skipulagsskrár, skrásetningu og þóknun fyrir aðstoð við stofnun. Áætlaður stofnkostnaður er kr. 250.000 og greiðist hann úr stofnsjóði.

**5. gr.**

Stofnfé greiðist allt með reiðufé og er það greitt við undirritun stofnskrárinnar.

**6. gr.**

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnanda hans.

Höfn í Hornafirði, [dags., mán, ár]

**Þannig staðfest af stofnanda:**

\_\_\_\_\_  
Matthildur Ásmundardóttir,  
bæjarstjóri